

## Þjóðmál

MATTHÍAS TRYGGVI HARALDSSON  
mth@mbl.is

✿ Ýmsar hugmyndir eru í loftinu um framtíð tónlistarnáms á Íslandi og hefur hver sína skoðun á málinu. Ágreiningur ríkir um túlkun samkomulags frá 2011.



# Óvissa um fjármögnun tónlistarnáms

SÍÐASTA SKÓLAÁR VORU 184 NEMENDUR SEM STUNDUÐU TÓNLISTARNÁM Á FRAMHALDSSTIGI UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS. STÆRSTI SKÓLINN ER TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI MEÐ 51 NEMANDA. SKÓLINN FÆR ÁRLEGA MEIRA EN 26 MILLJÓNA KRÓNA FRAMLAG FRÁ RÍKINU.

Nemendur sem stunduðu tónlistarnám á framhaldsstigi á landsbyggðinni haustið 2014 voru 184 talsins. Stærsti skólinn er Tónlistarskólinn á Akureyri, þar sem var 51 nemandi á þessu stigi. Nái tillögur um breytt fyrirkomulag á stuðningi ríkisins við tónlistarnám á framhaldsstigi fram að ganga, eins og þær hafa verið viðraðar af mennta- og menningarmálaráðuneyti, verður í höndum sveitarfélaganna að bregðast við skertum fjárfraumlögum frá ríkinu, en þau bera ábyrgð á rekstri skólanna.

Hugmyndirnar eru meðal annars þær að sveitarfélög reki sína tónlistarskóla án fjárfraumlags frá ríkinu vegna framhaldsnáms í tónlist, en fjármagn verði veitt til eins tónlistarskóla í Reykjavík.

„Það sem ég hef verið að skoða er möguleikinn á að stofna einn skóla, sem væri óbundinn sveitarfélagsmörkum. Sá skóli væri fyrst og síðast hugsaður sem skóli fyrir þá sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig sem sitt ævistarf,“ segir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðgjafi, í samtali við Morgunblaðið.


Hópur skólastjórnenda hefur lýst þungum áhyggjum af framtíð framhaldsnámsins líkt og fram kemur í athugasemdum sem starfshópur skólastjórnenda um nám á framhaldsstigi í tónlist vann í maí síðastliðnum. Ráðuneytið hefur lýst því yfir að hugmyndirnar séu á byrjunarstigi, að engar ákvarðanir hafi verið teknar hvað varðar fjármögnun námsins og að óvarlegt sé að draga viðamiklar ályktanir um málið.

Árin 1975-89 skiptist kennslukostnaður tónlistarskóla jafnt milli ríkis og sveitarfélaga. Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru samþykkt 1989, og tónlistarskólarnir hafa verið alfarið í umsjá sveitarfélaganna síðan.

Samkvæmt nágildandi fyrirkomulagi er kennslukostnaður tónlistarskóla á landinu allur fjármagnaður af sveitarfélögum, sem aftur innheimta hjá ríkinu fjárfraumlag vegna nemenda á framhaldsstigi hverju sinni skv. samkomulagi frá 2011. Framlagið nær einnig til nemenda í einsöng á miðstigi. Annar rekstur skólans, þ.e. húsnæði, hljóðfærakostur, laun önnur en kennaralaun og öll almenn rekstrargjöld, er fjármagnaður með skólagjöldum. Hlutfall launakostnaðar af rekstrarkostnaði tónlistarskóla er að meðaltali 80%, að mati Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Skilaði sér ekki til skólanna „Við fáum 26 til 30 milljónir á ári frá ríkinu vegna samkomulagsins síðan 2011 um eflingu tónlistarnáms, við erum með það marga nemendur í þessu námi,“ segir Hjörleifur Örn Jónsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri. Hann segir framlagið frá ríkinu ekki skila

## Tónlistarnemar á framhaldsstigi haustið 2014



sér beint í skólana heldur fari það í gegnum sveitarfélögin. „Þessir peningar koma frá ríkinu til tónlistarskólans í gegnum Jöfnunarsjóð, og sveitarfélagið gerir ráð fyrir þessari upphæð í sínum áætlunum.

Þetta átti náttúrulega að koma sem innspýting í starfsemi skólanna en gerði það ekki, heldur spöruðu sveitarfélögin sér það sem þessu nam í kostnaði við rekstur skólanna. Mér finnst líklegt að þetta verði einfaldlega skorið niður ef þessi framlög detta úr gildi. Hvernig menn síðan bregðast við þeim niðurskurði er pólitísk ákvörðun, hvort þeir ákveði að fella niður framhaldsnámið eða fækka nemendum í skólunum almennt.“


### Rætt um sérúrræði fyrir Akureyri og Ísafjörð

Hjörleifur Örn segir hugmyndir um sérstök úrræði fyrir Akureyri og Ísafjörð hafa verið viðlöðandi umræðuna, án þess að nokkur viti í hverju þau myndu felast, eða hvernig samstarfi við nýjan skóla í Reykjavík yrði háttáð. „Ég heyrði talað um einhvers konar sérúrræði fyrir þessa tvo skóla, sem ég tel að væri nauðsynlegt, en svo veit maður ekkert hvað það þýðir. Við erum líka hrædd um afleiðingar þess ef svo yrði ekki.

Ef það þyrfti til dæmis að fækka nemendum í tónlistarskólunum og setja strangari skilyrði fyrir innngöngu í skólann er ekki gott að vita hvernig það ætti að ganga upp. Svo dæmi sé tekið voru 150 manns á

## MYNDU HUGSA SIG TVISVAR UM EF ÞAU ÞYRFTU AÐ FLYTJA SUÐUR

„Námið í Tónlistarskólunum á Akureyri er mjög skemmtilegt og mjög krefjandi þegar það er komið á framhaldsstig. Það þarf mikla vinnu til að sinna því,“ segir Alexander Smári Edelstein, nemandi



Sigrún Mary McCormick

við Tónlistarskólann á Akureyri. Alexander lauk miðprófi á píanó fyrir þremur árum, fjórtán ára að aldri, og stundar nú nám á framhaldsstigi.

„Segjum sem svo að ég þyrfti að flytja að heiman til að fara í framhaldsnám í Reykjavík. Hvernig ætti ég að sinna því námi í einhverri leiguíbúð þar? Hvar myndi ég æfa mig? Síðan er auðvitað fullt af krökkum á framhaldsstigi um allt land og ég veit ekki hvernig ætti að koma þeim öllum í einn skóla.

Það er stórt skref að flytja að heiman og ég myndi hugsa mig



Alexander Smári Edelstein kann vel að meta tónlistarnámið á Akureyri.

tvísvar um áður en ég flytti til Reykjavíkur. Það væri frekar ab-súrd.“

Sigrún Mary McCormick, sem lærir á víólu við skólann, tekur í sama streng. „Mér finnst námið hérna frábært. Við erum eiginlega öll í vinahópnum á framhaldsstigi og erum marga klukkutíma á viku uppi í tónlistarskóla. Mér finnst líka algjör snilld að það sé tónlistarbraut í boði í Menntaskólunum á Akureyri, þannig að við fáum

námið metið. Það léttir virkilega á okkur.“

Sigrún segist ekki geta hugsað sér að flytja suður ef þess þyrfti til að halda áfram námi sínu. „Ég tók miðstigsprófið mitt á fíðlu þegar ég var í tíunda bekk og þá var ég löngu búin að ákveða að fara í Menntaskólann á Akureyri. Ég hefði ekki verið tilbúin að flytja suður og hefði sennilega frestað því að taka prófið eða bara hætt í tónlistarnámi.“

biðlista í skólann í fyrra, og þessi niðurskurður myndi einhvers staðar bitna á þjónustu við nemendur.“

### Samkomulagið virki ekki

Illugi Gunnarsson segir enga ákvörðun hafa verið tekna um tilhögun fjármögnunar skólanna. Hann bendir á að ágreiningur sé um túlkun samkomulagsins frá

2011, eins og kom fram í tilkynngu frá ráðuneytinu. „Það er augljóst að þetta samkomulag virkar ekki nema að litlu leyti,“ segir hann.

Í tilkynningu ráðuneytisins kom m.a. fram að aðkoma ríkissjóðs að fjárhagslegum stuðningi við tónlistarnám, sem ákveðin var í samkomulagi um eflingu tónlistarnáms, var tímabundin. Þar segir m.a.: „Henni

var ætlað að koma til viðbótar lögákvæðnu framlagi sveitarfélaga til tónlistarnáms til að greiða fyrir innritun nemenda í tónlistarskóla óháð lögheimilissveitarfélagi þeirra. Í ljós hefur komið að ágreiningur er um túlkun þessa samkomulags sem meðal annars birtist í mjög alvarlegri rekstrarstöðu flestra tónlistarskóla í Reykjavík.“